



2. BEKKUR

SÍÐUSKÓLI - AKUREYRI

VETURINN 2007- 2008

Ágætu foreldrar/forráðamenn

„Menntun er auður sem aldrei verður frá neinum tekinn. Hún yfirgefur engan en gerir öllum kleift að njóta sín og lífsins. Fyrsta menntunin er veitt í fjölskyldunni. Kærleikur og góð menntun eru bestu gjafir handa hverju barni” (Úr inngangi Aðalnámsskrár grunnskóla).

Hlutverk þessa námsvísis er að kynna helstu áherslur í námi barna ykkar. Í honum eru upplýsingar um þær greinar sem kenndar eru, aðaláherslur, kennsluhætti, námsefni og námsmat, ásamt öðrum gagnlegum upplýsingum.

Athygli skal vakin á því að starfsáætlun skólans, skólareglur og aðrar upplýsingar er að finna í skólanámskrá, Síðubita eða á heimasíðu skólans.

Í vetur leggur Síðuskóli áherslu á lestur eins og á síðasta skólaári og er þátttakandi í þróunarverkefni sem kallast „byrjendalæsi”.

Gott samstarf heimilis og skóla er mikilvægur þáttur í uppeldi og fræðslu og stuðlar að árangursríku námi. Heimavinna er góður vettvangur til að tengja saman heimili og skóla og hvetjum við ykkur til að aðstoða börnin ykkar eftir þörfum. Heimanámsmöppur fá nemendur á mánudögum og skila þeim á föstudögum. Á fjölskylduvef Mentors (www.mentor.is) verður hægt að lesa um heimanámið og það starf sem fram fer í skólanum. Áfram er lögð áhersla á lestur heima og kvittun foreldris fyrir lestri barna sinna ásamt hvatningu og hrósi. Mikilvægt er að nemendur temji sér vönduð vinnubrögð og biðjum við ykkur foreldra að leggja áherslu á það í heimanáminu.

Foreldraviðtöl verða 15. janúar.

Mikilvægt er að nemendur mæti stundvíslega í skólann og komi vel fram við aðra nemendur og starfsfólk skólans. Tilkynna þarf í upphafi skóladags ef nemendur eru veikir. Óski foreldrar eftir leyfi fyrir nemendur skulu þeir snúa sér til umsjónarkennara eða skólastjóra. Athugið að öll leyfi nemenda eru á ábyrgð foreldra/forráðamanna.

Með von um gott og árangursríkt samstarf í vetur.

Sigríður og Sigrún

Umsjónarkennarar:

2.1 Sigrún Sæmundsdóttir, stofa 45, netfang: sigs@akmennt.is

2.2 Sigríður Garðarsdóttir, stofa 46, netfang: siggag@akmennt.is

Katrín María Hjartardóttir, kennari í sérdeild.

Elín Sigurðardóttir, stuðningsfulltrúi.

Ingigerður Traustadóttir, stuðningsfulltrúi og forstöðumaður skólavistunar.

Heimasíða skólans er <http://www.sida.akureyri.is>

Þar sem nafn kennara er ekki sérstaklega tekið fram hér á eftir er það umsjónarkennari sem kennir námsgreinina.

Íslenska

Lestur

Aðaláherslur: Að nemendur fái áhuga á lestri og jákvætt viðhorf til lestrarþjálfunar, auki orðaforða og efli les- og málskilning. Einnig að þeir geti lesið sér til gagns og ánægju og skilji innihald texta.

Kennsluhættir: Byrjað er á að rifja upp stafina og hljóð þeirra fyrir þá sem þurfa, jafnframt því að lesa léttan texta. Nemendur fá lestrarefni við hæfi hvers og eins en velja sér að auki bækur á bókasafni til að lesa í skólanum og heima. Reynt verður að láta börnin lesa fyrir kennara daglega. Börnin eru æfð í hljóðlestri og að lesa í bókum sem þau hafa valið sér á bókasafni skólans. Nemendur eru þjálfaðir í gagnvirkum lestri. Unnið er í leshópum þar sem nemendur eru þjálfaðir í samlestri, upplestri, ýmsum málörvunarleikjum og spilum. Unnið er út frá aðferðum Rósu Eggertsdóttur - byrjendalæsi.

Námsefni: Lestrarbækur við hæfi hvers og eins t.d. *Listin að lesa og skrifa*, *Smábækur* eftir ýmsa höfunda, *Hús fyrir alla*, *Við lesum B*, *Lesum saman*, ásamt vinnubókum, *Lesa og skilja* eftir Þorstein Sigurðsson hefti 1-14, einnig velja nemendur bækur að eigin vali á skólabókasafni.

Heimanám: Nemendur lesa daglega heima fyrir einhvern fullorðinn. Fjöldi blaðsíðna er skráður í skráningarbók og hve oft er lesið. Nemendur fá umbun af og til fyrir heimalestur sinn.

Námsmat: Umsögn í lestri er gefin á haust- og vorönn. Hún byggist á frammistöðu nemandans í Læsi, sem er lestrarskimun, og raddlestrarkönnunum, þar sem talin eru lesin atkvæði á mínútu. Þessar kannanir eru lagðar fyrir þrisvar sinnum á skólaárinu, í september, janúar og maí. Jafnframt er tekið tillit til framfara, áhuga og heimalestrar nemandans.

Bókmenntir

Aðaláherslur: Að nemendur kynnist ýmsum íslenskum bókmenntum. Viti hvað er sönn saga, skáldsaga og ævisaga. Þjálfist í að ræða um bókmenntaverk sem þeir hafa hlustað á. Þekki hugtökin persóna, söguhetja, höfundur, rím, upphaf og endir. Læri vísur og ljóð utanbókar.

Kennsluhættir: Í byrjun lestrarverkefnis les kennari sögu eða ljóð sem unnið er með á ýmsan hátt (byrjendalæsi). Í nestistímum eru lesin ýmis bókmenntaverk. Nemendur eru þjálfaðir í að endursegja, spá fyrir um framhald og segja álit sitt á þessum sögum. Ljóð sem nemendur eiga að læra eru sungin skólanum og efni þeirra rætt. Nemendur eru þjálfaðir í að fá bækur að láni á skólabókasafni.

Heimanám: Nemendur læra ljóð aðra hverja viku, ljóðið er límt inn í stílabók og nemendur myndskreyta.

Uppákomur og heimsóknir: Dagur íslenskrar tungu, fæðingardagur Jónasar Hallgrímssonar 16. nóvember, á þemadögum verður unnið með verk Jóns Sveinssonar (Nonna), evrópskur tungumáladagur í september, heimsókn á bókasafn Háskólans.

Ritun/skrift

Aðaláherslur: Að nemendur þjálfist í að tjá sig í rituðu máli. Að þeir geti samið sögur, ljóð og texta við eigin myndir og annarra og skráð verkefni sem þeir hafa unnið í öðrum námsgreinum. Lögð er áhersla á að nemendur geti skrifað einfaldar setningar eftir réttum texta og upplestri og hafi bil á milli orða. Þekki orðið setning og viti að hún byrjar á stórum staf og endar á punkti. Lögð er áhersla á að nemendur dragi rétt til stafs. Einnig að þeir leggi sig fram um að skrifa vel og vanda allan frágang.

Kennsluhættir: Nemendur semja sögur í sögubók og útbúa sínar eigin verkefnabækur. Stafdrættir í ítalíuskrift rifjaðir upp og æfðir og nemendur þjálfaðir í að staðsetja stafina rétt á línu.

Heimanám: Nemendur semja sögu í sögubók eða fá ritunarverkefni aðra hverja viku. Heimaskrift í hverri viku.

Námsefni: Ýmis verkefni í byrjendalæsi, *Pínulitla Ritrún*, *Sín ögnin af hverju*, sögubók. *Skrift 2A og 2B* Síðuskóli.

Námsmat: Umsögn gefin á haust- og vorönn. Hún byggist á vandvirkni, framförum, hvernig dregið er til stafs, vinnusemi og skriftarkönnunum sem lagðar eru fyrir í janúar og maí.

Uppákomur og heimsóknir: Nánasta umhverfi skólans nýtt til hugmynda að ritunarverkefnum.

Málfræði

Aðaláherslur: Nemendur læri að þekkja hugtökin bókstafur, hljóð, orð og setning. Vinni með stafrófið og átti sig á mun sérhljóða og samhljóða. Kynnist hugtökunum samheiti, andheiti, sérnöfn og samnöfn. Geti búið til eitt orð úr tveimur, unnið með samsett orð og eintölu og fleirtölu orða.

Kennsluhættir: Umræður og þjálfun í krók. Unnið er með málfræðihugtök munnlega, með leikjum og í verkefnum.

Námsefni: Ýmis verkefni tengd byrjendalæsi, *Pínulitla Ritrún, Litla Ritrún, Við lesum B, vinnubók og Lesum saman*.

Hlustun og áhorf

Aðaláherslur: Að nemendur hlusti á umræður bekkjarfélaga sinna, geti hlustað á og farið eftir fyrir mælum starfsfólks skólans og endursagt efni sem þeir hafa hlustað á.

Kennsluhættir: Lesið er daglega fyrir nemendur og þeir þjálfast í að spá fyrir um framhald sögunnar og endursegja það sem lesið hefur verið. Í heimakrók eru nemendur þjálfast í að hlusta hverjir á aðra. Nemendur horfa á myndbönd í tengslum við annað námsefni og setja upp leiksýningar.

Námsefni: Ýmsar sögur og ljóð, sögur af hljóðdiskum, myndbönd, *Að leika og látast, Markviss málörvun 2*.

Uppákomur og heimsóknir: Tónleikar með Sinfoníuhljómsveit Norðurlands í október, árshátíð Síðuskóla í febrúar, uppákomur á sal skólans.

Talað mál og framsögn

Aðaláherslur: Að nemendur tali skýrt og greinilega, geti tjáð sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum og geti lýst ákveðnum hlutum eða myndum. Þjálfist í að færa rök fyrir máli sínu.

Kennsluhættir: Nemendur segja frá eigin upplifunum og reynslu í heimakrók, taka þátt í umræðum í bekknum og tjá skoðanir sínar. Nemendur lesa upp úr sögubókum sínum, fara með vísur, taka þátt í leikrænni tjáningu og leikjum í skólastofunni.

Námsefni: *Að leika og látast*, vísnaðbækur, sögubækur.

Uppákomur og heimsóknir: Árshátíð Síðuskóla í febrúar.

Kennslustundafjöldi á viku í íslensku: 7.

Stærðfræði

Aðaláherslur: Að nemendur fái tækifæri til að nota og þróa sínar eigin aðferðir við lausn viðfangsefna og að tjá sig um aðferðir og lausnir í töluðu og rituðu máli. Að nemendur skilji tengsl talna, leiðir til að tákna þær og áhrif aðgerða á þær og noti hjálpargögn sér til aðstoðar. Nemendur eru hvattir til sjálfstæðra vinnubragða og að nýta sér fjölbreytileika stærðfræðinnar. Að viðfangsefni stærðfræðinnar tengist daglegu lífi nemenda og nánasta umhverfi þeirra.

Kennsluhættir: Þemavinna, hóp- og einstaklingsvinna. Innlagnir á töflu, vinna í stærðfræðibókum. Umræður, þrautalausnir og unnið með áþreifanlega hluti og ýmsa stærðfræðileiki. Nemendur kynnast margföldun sem endurtekinni samlagningu og deilingu sem skiptingu í hóp.

Námsefni: *Eining 3 og 4, Viltu reyna, -gulur -rauður -grænn-blár. Stærðfræði er skemmtileg, Tíu tuttugu, Verkefni fyrir vasareikna 1. og 2. hefti*, aukaverkefni og spil er tengjast námsefninu, ýmis kennsluforrit s.s. Bogi blýantur, *Húrra fyrir Hermínu, Talnaveiðar, Töfraflísar, Leikver*.

Heimanám: Nemendur vinna verkefni í stærðfræði vikulega, stærðfræðihefti, verkefni er tengjast *Einingu*, þrautalausnir og/eða rannsóknir. Stundum er heimanámið í stærðfræði samþætt öðrum námsgreinum.

Námsmat: Umsögn gefin á haust- og vorönn. Símat og kannanir í lok hvers þema í *Einingu*. Umsögnin byggist á framförum, áhuga, sjálfstæði til að glíma við stærðfræðileg viðfangsefni og niðurstöðum kannana.

Uppákomur og heimsóknir: Dagur stærðfræðinnar 1. febrúar. Þá eru unnin sérvalin verkefni samkvæmt þema hverju sinni. Nánasta umhverfi skólans er nýtt til ýmissa stærðfræðiverkefna, Pósthúsið heimsótt.

Kennslustundafjöldi á viku: 5.

Samfélagsfræði

Aðaláherslur í landafræði: Nemendur fá yfirsýn yfir hreyfingu sólar, jarðar og tungls um himingeiminn. Þekki tímahugtökin: Sólarhringur, vika, mánuður, ár og öld. Geri sér grein fyrir að lega landsins og hafið umhverfis það hefur áhrif á búsetu, samskipti og samgöngur við önnur lönd. Þekki höfuðáttirnar fjórar og þjálfist í að rata eftir þeim og viti hvað miðbaugur, norður- og suðurpóll eru. Kynnist því hvernig fólk hefur breytt umhverfi sínu með vegagerð, byggingu húsa og ræktun á landi.

Aðaláherslur í sögu: Nemendur þekki til mismunandi fjölskyldugerða í íslensku samfélagi, fræðist um nýbúa á Íslandi, hvaðan þeir koma og ástæður þess að þeir hafa flust hingað. Geri sér grein fyrir að til eru margar þjóðir, mismunandi siðir, venjur og trúarbrögð í heiminum. Þekki íslenska fánann, skjaldarmerki Íslands, upphaf byggðar á Íslandi og landnámsmenn í okkar heimabyggð. Kynnist helstu störfum til sjávar og sveita.

Kennsluhættir: Aðallega er unnið í hópum og pörum en einnig er einstaklingsvinna. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrög og að nemendur leiti að upplýsingum sjálfir.

Námsefni: *Komdu og skoðaðu landnámið, Komdu og skoðaðu land og þjóð, Komdu og skoðaðu himingeiminn, Egill, hnattlíkön, landakort, fræðibækur og verkefni er tengjast móðurmáli og stærðfræði.*

Uppákomur og heimsóknir: Vettvangsferð að stytta Þórunnar hyrnu og Helga magra, gönguferðir um Síðuhverfi, fjallganga upp í Gamla.

Námsmat: Vinnubók, áhugi og samvinna nemenda metin. Símat.

Umsögn á vorönn.

Kennslustundafjöldi á viku: 4, kennt á vorönn.

Náttúrufraði

Aðaláherslur í lífvísindum: Nemendur fræðist um nokkur lífríki í nánasta umhverfi sínu og læri um nokkra algenga fugla, fiska, blóm, skordýr og búsvæði þeirra. Nemendur kynnist lífsferli kartöflunnar og geri tilraunir með ræktun kartaflna. Þeir læri um mannslíkamann, hvernig hann starfar í grófum dráttum og mikilvægi þess að hugsa vel um líkamann. Farið verður í grunnatriði í skyndihjálþ.

Aðaláherslur í jarðvísindum: Að nemendur geri ýmsar athuganir á nánasta umhverfi sínu, skrái niðurstöður og álykti út frá þeim. Fjallað er um samsetningu jarðarinnar, eldgos og afleiðingar þeirra, steina og jarðefni. Gerðar verða athuganir á vatni og vatnsnotkun heimila og tilraunir með ljós og skugga.

Aðaláherslur í eðlisvísindum: Áhersla er lögð á að nemendur rannsaki áhrif veðurs og vinda á efni, geri athuganir á mismunandi efnum varðandi eiginleika, notkun og möguleika til endurvinnslu. Einnig verða gerðar tilraunir með hreyfingu, stöðurafmagn og ljós og skugga.

Kennsluhættir: Áhersla er lögð á rannsóknarvinnu og útikennslu. Að hausti og vori sækja nemendur sér verkefni í nánasta umhverfi skólans sem þeir vinna úr í hópum í skólastofu eða úti. Viðfangsefni eru kennd í þemavinnu þar sem hugtakakort eru notuð en þar skrá/teikna nemendur það sem þeir vita um viðfangsefnið í upphafi, síðan er þemað tekið fyrir í 1 – 2 vikur og að lokinni þeirri vinnu er skráð nýtt hugtakakort. Nemendur vinna saman í hópum, pörum og einstaklingslega. Þeir læra að skrá niðurstöður sínar og gera sínar eigin vinnubækur. Þeir kynnast því að leita heimilda í bókum og á vef. Tilraunir og athuganir gerðar. Myndbönd sýnd. Kennslan er samþætt við aðrar námsgreinar.

Námsefni: Verkefni um ánamaðkinn, Kartaflan – verkefni eftir Sigrúnu Ásmundsdóttur, *Komdu og skoðaðu líkamann, Við hjálþum, Eldgos, Sól og skuggar-kennsluleiðbeiningar*, ýmsar tilraunir og fræðibækur.

Uppákomur og heimsóknir: Umhverfisdagur Síðuskóla, Endurvinnslan heimsótt.

Námsmat: Vinnubók, áhugi og samvinna nemenda metin. Símat. Umsögn í janúar.

Kennslustundafjöldi á viku: 4, kennt á haustönn.

Kristin fræði, siðfræði, trúarbragðafræði

Aðaláherslur: Áhersla er lögð á kristilegt siðgæði. Unnið með hugtökin miskunnsemi, hjálpsemi, umburðarlyndi, sannsögli og góðvild. Nemendur kynnist sögum úr *Gamla testamentinu* og frásögum af lífi og starfi Jesú Krists. Fjallað verður um myndverk og ljóð sem túlka efni *Bíblíunnar*. Einnig verður rætt um önnur trúarbrögð.

Kennsluhættir: Texti er lesinn og rætt um innihald hans, nemendur tjá sig og skiptast á skoðunum, verkefni unnin, oft á myndrænan hátt.

Námsefni: *Regnboginn*, bænahefti.

Heimanám: Nemendur læra bænir og vers og myndskreyta.

Kennslustundafjöldi á viku: 1 kennslustund.

Lífsleikni

Aðaláherslur: Nemendur þjálfast í að tjá tilfinningar sínar, læri að fara eftir leikreglum og geti leyst ágreiningsefni á jákvæðan hátt. Einnig að nemendur geti sett sig í spor annarra, sýni færni í samvinnu, kurteisi og beri virðingu fyrir sér og öðrum.

Kennsluhættir: Kennslan fer einkum fram með umræðum í bekknum, vinnau með sögur af ólíkum fjölskyldum, hópvinnum og verklegri vinnu.

Námsefni: *Hús fyrir alla*. og ýmis verkefni.

Uppákomur og heimsóknir: Vinavika, hollustuvika, söngsalur og skákæfingar, einnig kemur hjúkrunarfræðingur skólans tvisvar sinnum í heimsókn og ræðir um svefn, hvíld og tannvernd og fer í geðræktarverkefnið Dyrnar.

Kennslustundafjöldi á viku: 1.

Heimilisfræði

Aðaláherslur: Að nemendur læri um skiptingu fæðu í flokka, notkun eggjárns, gerð einfaldra rétta, bakstur og hreinlæti, sérstaklega tannhirða.

Verkefni: Grænmetisgarl, ávaxtapinnar, stafasúpa, ostabrauð, Grallarabrauð, Sparikúlur, brauðbátar, skyrdrykkur og fleiri verkefni frá kennurum.

Kennsluhættir: Í upphafi tímans er sest niður og rætt um verkefni dagsins og raðað niður í hópa, síðan hjálpar kennari eftir þörfum við verkefnin. Einnig er bókleg kennsla og þá er setið í hring við borð.

Námsefni: *Hollt og gott 1*, námsefni fyrir 2. bekk og verkefni frá kennara.

Námsmat: Frammistaða og hegðun metin eftir hvern tíma.

Kennslustundafjöldi: Tvær kennslustundir aðra hvora viku.

Kennarar: Arnfríður Jóhannsdóttir og Erna Guðjónsdóttir.

Íþróttir, líkams- og heilsurækt

Skólaíþróttir

Aðaláherslur: Að nemendur tileinki sér góða umgengni, hreinlæti og kurteisi sem og að efla leikgleði, þjálfða hlustun, einbeitingu og jafnvægi. Að þeir auki kraft, fimi, þol og þrek sem og sjálfstæð vinnubrögð og efla samvinnu nemanda. Að nemendur tileinki sér jákvætt viðhorf til hreyfingar með leikjum og æfingum með og á ýmsum áhöldum. Þá er einnig markmið að bæta fín- og grófhreyfingar nemenda.

Kennsluhættir: Sýnikennsla þar sem kennari sýnir og kennir nemendum æfingar og leiki og fær nemendur til að sýna. Nemendur vinna mikið í hópum en þó einnig með einstaklingsæfingar sem reyna á sjálfstæð vinnubrögð. Nemendur nota ekki skó í 2. bekk en þeir mega vera í tátíljum eða stjörnusokkum. Ef nemendur geta ekki tekið þátt í íþróttum eða ekki farið í sturtu eiga þeir að koma með miða frá foreldrum eða forráðamönnum þess efnis.

Námsefni: Hreyfileikir, boltaleikir, hringþjálfun, stöðvapjálfun, fimleikar, frjálsar íþróttir, styrktar- og jafnvægisæfingar.

Námsmat: Símat á virkni, hegðun og færni nemanda í tímum. Færni í prófum og könnunum gildir 50% á móti virkni, áhuga og ástundun.

Kennslustundafjöldi á viku: 2.

Kennarar: Páll Gíslason og Rainer Jessen.

Skólasund

Aðaláherslur: Áfram verður unnið með aðlögun barnsins að vatninu. Að nemendur tileinki sér hreinlæti og góða umhirðu líkamans og læri að hlíta fyrir mælum og öryggisatriðum sundstaðar. Að þeir upplifi skólasund sem skemmtilega og jákvæða námsgrein og umfram allt að nemendum líði vel í vatninu. Ennfremur að nemendur efli líkamlegan og félagslegan þroska, þrek og sjálfstraust og efli skynfæri líkamans og samspil þeirra við útfærslu hreyfinga í vatninu. Stefnt er að nemendur uppfylli kröfur 2. sundstigs við lok skólaárs.

Kennsluhættir: Sýnikennsla, leiðbeiningar og skýringar af bakka og einnig ofan í laug.

Æskilegt er að nemendur mæti með sundgleraugu og í skólasund er óheimilt að nota stuttbuxur (strandbuxur), aðeins er leyfður hefðbundinn sundfatnaður (sundskýlur eða sundbolir).

Námsefni: Öndunar-, flot- og leguæfingar, bringu- og skólabaksundsæfingar, skrið- og baksundsæfingar, kafsund og stunguæfingar, leikir, boðsundsleikir og boltaleikir.

2. sundstig: Marglyttuflot, kafsund a.m.k. 2,5 metrar, 10 metra bringusund með eða án hjálpartækja, 10 metra skólabaksunds fótatök með eða án hjálpartækja og 8 metra skriðsunds fótatök með arma teygða fram.

Námsmat: Próf í 2. sundstigi. Einkunn gefin fyrir ástundun, áhuga, umgengni og hegðun. Færni í prófi gildir 50%, á móti virkni, áhuga og ástundun.

Kennslustundafjöldi á viku: 1.

Kennari: Rainer Jessen.

Listgreinar

Textílmennt

Aðaláherslur: Að nemendur efli og styrki sköpunargleði sína og að þeir temji sér að ganga frá áhöldum, efnum og verkum sem unnið hefur verið með. Nemendur sauma út, þrykkja, þæfa og fingurprjóna.

Verkefni: Sauma fiðrildi í stramma, þrykkja taudúk með kartöflum, fingurprjóna og þæfa.

Kennsluhættir: Sýnikennsla og verkleg vinna. Nemendur vinna einstaklingslega og í hópum.

Námsgögn: Grófur strammi, filt, ull, garn, ýmis efni til að þrykkja með.

Kennslustundafjöldi á viku: 1.

Myndmennt

Aðaláherslur: Að efla sköpunargleði og starfslöngun nemenda þannig að hver einstaklingur fái notið sín bæði einstaklingslega og í samvinnu við aðra.

Nemendur geri litablöndur úr frumlitunum og þekki sex lita hringinn og hugtökin áferð og lína. Læri um frágang verkefna, efna og áhalda.

Kennsluhættir: Verkleg kennsla, hópinnlögn og einstaklingsaðstoð. Mikið lagt upp úr sjálfstæði í vinnubrögðum og vandvirkni. Nemendur vinna ýmskonar myndverk með fjölbreyttum aðferðum og efni. Mikill tími fer í að vinna jólagjöf. Fjallað verður meðal annars um grunnform, mynstur, grunnliti og litablöndun.

Námsmat í textíl- og myndmennt: Verkefni nemenda, vinnusemi, áhugi og sköpunargleði metin.

Kennslustundafjöldi á viku: 2.

Dans

Aðaláherslur: Að nemendur efli eigin hreyfigetu, þekki og skynji hreyfimyndur hópa s.s. raðir, hringi, skálínur og fylgi öðrum. Nemendur læri einföldustu grunnspor í samkvæmisdönsum og gömlu dönsunum. Þeir læri að skynja hrynjanda í tónlist og læri að láta hreyfingu fylgja takti og náí samhæfingu handa og fóta. Nemendur sýni almennar kurteisvenjur í samskiptum þ.e.a.s. bjóða upp í dans, vinna í hópi, taka tillit til annarra og sýna gagnkvæma virðingu.

Kennsluhættir: Sýnikennsla fer fram í öllum tímum þar sem kennari sýnir nemendum spor og dansa. Börnin læra að hita upp með ýmsum hreyfingum í takt við tónlist. Í lok hvers tíma fá nemendur að fara í hina ýmsu leiki með tónlistarívafi.

Dansar: Partý polki (einföld aðferð), marsúrki, Samba (wisk og snún.dömu undir hönd), Cha cha (st.og ny), Grease (Hand Jive), Skottís (aðferð 1), Dans ársins, Línudans og Hermanns twist. Einnig verða rifjaðir upp dansar frá 1. bekk.

Leikir: Ásadans, Töludans og stoppdans.

Námsmat: Frammistaða nemenda metin eftir áhuga og getu og umsögn gefin við annaskipti.

Uppákomur og heimsóknir: Foreldrum er boðið að koma í heimsókn og fylgjast með í lok vorannar.

Kennslustundafjöldi á viku: 1.

Kennari: Jóhanna Elín Halldórsdóttir.

Tónmennt

Aðaláherslur: Megináhersla er lögð á söng, léttu texta og hreyfingu. Nemendur læri púls og laghryn og að leika á einföld ásláttarhljóðfæri.

Kennsluhættir: Lögin æfð með textum og einnig eru notuð einföld hljóðfæri, svonefnd Orfhljóðfæri (tréstafir, þríhorn, trommur o.fl.).

Einnig er farið í hreyfileiki sem falla að efninu.

Námsefni: *Tónmennt 2. hefti kennslubók. Tónmennt 2. hefti söngvasafn.*

Námsmat: Frammistaða í tímum metin.

Kennslustundafjöldi á viku: 1.

Kennari: Gunnar Halldórsson.

Forskóli tónlistarskólans

Aðaláherslur: Að nemendur læri að spila á blokkflautu og ásláttarhljóðfæri eftir nótum. Þjálfar hrynstur og hrynheyrn með klappi, söng og hljóðfæraleik.

Námsgögn: Blokkflauta, verkefnablöð og lög til að spila á blokkflautuna.

Námsmat: Frammistaða nemandans í tímum metin.

Kennslustundafjöldi á viku: 1.

Kennari: Eydís Úlfarsdóttir.

Upplýsingamennt

Aðaláherslur: Að nemendur geti ritað texta í ritvinnslu, kunni að nota ákveðna sérlykla á lyklaborði og geti vistað skjöl á hörðum disk.

Kunni að leita í léttum orða- og fræðibókum. Geti nýtt sér útlánakerfi skólabókasafnsins. Nemendur læra fingrasetningu á ritþjálfu.

Kennsluhættir: Í tölvustofu fara nemendur í kennsluforrit ætluð fyrir yngri nemendur og vinna í

pörum eða einstaklingslega. Á bókasafni les starfsmaður bókasafnsins sögu, ævintýri eða ljóð, ræðir um innihald efnisins og nemendur gera verkefni. Nemendum kennt að umgangast bækur á réttan hátt. Farið reglulega í sögustund á skólabókasafni.

Námsgögn: Ritþjálfar, tölvur, tölvuforrit og ýmis verkefni á bókasafni.

Kennslustundafjöldi á viku: 1.

Kennarar: Umsjónarkennarar og á skólabókasafni Guðrún Níelsdóttir.

Hönnun og smíði

Aðaláherslur: Að nemendur fái tækifæri til að smíða með einföldum verkfærum, læri að meðhöndla verkfærin rétt og gæta fyllsta öryggis. Jafnframt að þeir geri sér grein fyrir því að manneskjan mótar umhverfi sitt með sköpunarmætti sínum og verkum.

Verkefni: Bátur.

Kennsluhættir: Sýnikennsla. Nemendur hvattir til að nota eigið hugmyndaflug við útfærslu á verkefnum. Áhersla lögð á samvinnu nemenda og að þeir geti gengið frá verkfærum sínum.

Námsmat: Umsögn á vorönn. Verkefni, áhugi og hugmyndaauðgi nemenda metin.

Kennslustundafjöldi á viku: 1.

Síðuskóli

2007

Sigríður Garðarsdóttir

Sigrún Sæmundsdóttir